

**61. Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 13. apríl 2011 og hófst hann kl. 20:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson,

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, .

Dagskrá:

- 1. 1102052 - Endurskoðun á reglum leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla, Vindheima.**
Nefndarmenn yfirfóru reglurnar og gerðu nokkrar breytingar á þeim og þær lagðar fyrir fundarmenn og samþykktar og verður hún send til hreppsnefndar til afgreiðslu.
- 2. 1102053 - Samband íslenskra sveitarfélaga námskeið fyrir skólanefndir.**
Formaður skólanefndar minnti á skráningu á námskeið fyrir skólanefnarmenn þann 2. maí og áréttaði að það væri æskilegt að þeir gæfu sér tíma til að fara á það.
- 3. 1103053 - Umboðsmaður barna, niðurskurður í skólum.**
Lagt fram til kynningar.
- 4. 1103024 - Ályktun mótmælafundur "Samstaða um framhald tónlistarskólanna"**
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1103005 - Kynningarbréf með bæklingu um Skólavog**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Undirbúningur árshátíðar er í hámarki, enda verður hún á morgun fimmtudag 14.04 og mikill spenningur hjá krökkunum. Myndlistasýning verður haldin í Tálknafjarðarskóla og verður hún formlega opnuð eftir árshátíðina á morgun. Framundan er að eftir páskafrí verður þemavika í skólanum. Guðlaug spurði eftir því hvernig kennaramálin standi. Óskað verði eftir uppsagnarbréfum frá þeim sem ætla að hætta þannig að það verði hægt að fara í það að auglýsa eftir nýjum kennurum fyrir páska. Uppgjör fyrir Finnlandsferðinni 2009 liggur fyrir.
- 7. 1001015 - Önnur mál**
Anna Kristín gerði þá athugasemd að foreldrar yngri barna hefðu ekki verið spurðir áður en ákveðið var að fara í þess fer til Ítalíu. Trausti taldi að það hefði verið búið að kynna þessa ferð í skólanum en jafnframt viðurkenndi hann að framkvæmd hennar hafi farið of geyst af stað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:55.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____